

Nd.

609. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta, en ekki orðið sammála. Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni teljum sumt í frumvarpi þessu geta horft til bóta, en annað vera mjög miður. Eins og frumvarpið er nú orðið eftir meðferð efri deildar er það sýnu lakara en þegar það var lagt fram. Við teljum, að á því séu svo alvarlegir meinbugir að ekki sé hægt að samþykkja það nema á því verði gerðar veigamiklar breytingar.

Megingalli frumvarpsins er sá, að aukin og ný verkefni eru lögð á íbúðalánakerfið án þess að því sé séð fyrir viðbótarfjármagni til að mæta hinum auknu þörfum.

Nefndin bað Þjóðhagsstofnun um frekari upplýsingar um fjármögnunarbörf mið- að við þær breytingar, sem gerðar voru í hv. efri deild. Þær upplýsingar þyrftu að liggja fyrir áður en frv. verður afgreitt.

Við leggjum áherslu á að lán Byggingarsjóðs ríkisins séu með þeim lánskjörum, að almenningur í landinu og launþegar almennt fái staðið undir af almennum launatekjum. Þess vegna þurfa hin almennu íbúðarlán að vera sem hagstæðust, með sem hentugustum lánstíma, með sem lægstum vöxtum og í sem hæstu hlutfalli af byggingarkostnaði. Við viljum efla Byggingarsjóð ríkisins með þessa stefnu að markmiði. Jafnframt leggjum við áherslu á mikilvægi Byggingarsjóðs verkamanna til að mæta þörfum þeirra sem lakast eru settir. Þeir þurfa mikillar aðstoðar við umfram aðra og sú aðstoð verður svo best veitt að hún sé takmörkuð við hina verst settu.

Við teljum að þessara sjónarmiða sé ekki nægilega gætt í frumvarpinu og sumt í því gangi í öfuga átt í stjórn og skipan þessara mála. Samt viljum við freista þess að fá fram þær helstu breytingar á frumvarpinu sem nauðsyn krefur, til þess að það geti orðið viðunandi. Þess vegna berum við fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. maí 1980.

Friðrik Sophusson,
frsm.

Steinþór Gestsson.